



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á útgáfuhátíð bókarinnar
Varðskipið Óðinn; Björgun og barátta
Víkin Sjóminjasafnið í Reykjavík
10. desember 2010**

*Ávarpið var flutt blaðlaust.
Endurrit af upptöku.*

Ágæti ráðherra
Kæru hollvinir Óðins
Starfsmenn Landhelgisgæslunnar

Þetta er gleðistund hér í Sjóminjasafninu; að fagna útgáfu bókarinnar og myndarinnar gefur okkur tilefni til að minnast Óðins og heiðra hann en umfram allt það góða fólk sem sigldi þessu skipi og var í fararbroddi í því sem ég hef stundum kallað lokaskeið sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga.

Ég er sannfærður um að hið unga lýðveldi sem stofnað var á Þingvöllum 1944 var veikburða, efnahagslegar undirstöður þess voru bágbornar; erlendur floti var, eins og við vitum öll, að veiðum nánast upp í fjöru.

Ef ekki hefði komið til árangursrík útfærsla landhelginnar sem ætíð var háð á þann hátt að við ofurefli var að etja þá er ég sannfærður um að töluverðar líkur eru á að efnahagslegar forsendur hins unga lýðveldis hefðu brostið. Þjóðin þurfti þá að flytja inn nánast allt það sem þurfti til uppbyggingar: timbur, steinsteypu, járn og verulegan hlut þeirra fæðu sem hún neytti. Ef ekki hefði komið til gjaldeyrisöflun vegna sjósóknar, veiða og fiskvinnslu, hefðum við einfaldlega ekki haft efni á því að byggja hér upp það þjóðfélag sem við njótum nú. Landhelgisstríðin voru þess vegna tvímælalaust lokakaflinn í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga.

Fyrir fáeinum dögum, 1. desember, fullveldisdaginn, kom til Bessastaða góður gripur sem fjölskylda færði þjóðinni að gjöf, skrifpúlt

Sveinbjarnar Egilssonar. Það eru um það bil tvö hundruð ár síðan Sveinbjörn var kennari við Bessastaðaskólann og lagði grundvöll með þýðingum sínum, skrifum og kennslu að endurreisn íslenskrar tungu og þeirri menningarsókn sem Jónas Hallgrímsson og aðrir skólasveinar fluttu svo með sér og gerðu að kjarna sjálfstæðisbaráttunnar. Þegar við sjáum þetta skrifpúlt í dag á Bessastöðum þá skynjum við í raun hvað þessi saga er ung, hve stutt er síðan þessi þjóð var án allra réttinda, algjörlega háð erlendu valdi og hafði engin tækni á að byggja upp farsælt samfélag í landinu.

Á þessari öld sem nú er nýhafin og þeirri næstu er ég viss um að varðskipið Óðinn mun öðlast smátt og smátt sams konar sess í hugum þjóðarinnar eins og skrifpúlt Sveinbjarnar Egilssonar hefur nú fyrir okkur þegar við lítum til baka, þótt sumum kunni kannski að finnast þessi samlíking sérkennileg og stærðarmunurinn náttúrulega töluverður.

Það er nú einu sinni þannig að ef við höfum ákveðinn grip, ef við getum þreifað á sögunni þá skiljum við hana betur. Það er auðveldara að túlka hana fyrir nýjum kynslóðum og færa fram þá lærdóma sem við þurfum tvímælalaust að hafa í huga. Kannski fyrst og fremst þann lærdóm að Íslendingar hafa aldrei náð árangri án erfiðis; það hefur ekkert verið gefið í sögu þessarar þjóðar. Ef ekki væri fólk sem hefði trú á málstaðinn og þjóðina sjálfa og hún staðið að baki forystusveitinni þá hefðum við hvorki náð sjálfstæði á sínum tíma, né tekist að byggja hér upp samfélag sem vissulega stenst samanburð þrátt fyrir erfiðleika og áföll við það besta sem við þekkjum í veröldinni.

Saga Óðins er líka áminning um merkan kafla í heimssögunni, þegar heimsveldin reyndu að setja þjóðum sem voru nýbúnar að fá sjálfstæði sitt og frelsi stólinn fyrir dyrnar, þjóðum í Afríku, þjóðum í Asíu og víðar um veröld.

Landhelgisbarátta Íslendinga var barátta þessara þjóða. Þeir sem sendu herskipin til að glíma við Óðin, þeir héldu enn að þeir væru heimsveldi. Það segir kannski mikla sögu að þeir einu sem komu hingað til landsins fyrir tæpum fjörutíu árum til að ljá stuðning við okkar málstað voru fulltrúar Einingarsamtaka Afríku; hingað komnir um langan veg til að standa með Íslendingum. Ég held að við verðum að játa að við vorum sum hver nokkuð hissa, ráðamenn landsins, þegar þeir birtust og sögðust vera komnir til að styðja okkur; þeir sáu í baráttu okkar samhengi við sína eigin sögu.

Þannig mætti lengi rekja mikilvægi Óðins fyrir okkar þjóð. Ég vil þakka Sjóminjasafninu og Hollvinasamtökunum fyrir forystu ykkar og frumkvæði í þessum efnum; þakka höfundum þessarar sögu og kvikmyndarinnar fyrir framlag ykkar. Sá efniviður sem við erum að fagna

Í dag mun nýtast vel sem kennsluefni, sem uppeldistæki og sem lærdómur fyrir þær kynslóðir sem þurfa að skilja til hlítar hvað felst í því að vera Íslendingur.

Þakka ykkur kærlega fyrir þetta framlag. Við skulum svo öll sameinast um það að eftir tvö hundruð ár geti menn líka komið hingað eða á annan stað hér við höfnina og skoðað Óðin með sama hætti og við getum nú á Bessastöðum barið augum skrifpúlt Sveinbjarnar Egilssonar.